

<p>48. fundur svæðisráðs norðursvæðis 29. september 2017 (12:00-12:25) Haldinn í síma</p>	<p>Fundarritari: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir</p>	
<p>Mættir: Óli Halldórsson, formaður Böðvar Pétursson, varaformaður Arnheiður Jóhannsdóttir Ásvaldur Ævar Þormóðsson Grétar Ingvarsson Hjördís Finnbogadóttir Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður Jóhanna K. Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður</p>	<p>Fjarverandi: Enginn</p>	<p>Aðrir fundargestir: Engir</p>

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur og dagskrá samþykkt
2. Rekstraráætlun 2018

1. Fundur settur og dagskrá samþykkt

Formaður setti fundinn. Dagskrá var samþykkt.

2. Rekstraráætlun

Fyrir svæðisráði norðursvæðis liggja fyrstu drög að rekstrarramma ársins 2018 fyrir norðursvæði. Úr tölunum má lesa tillögu um stórfelldan niðurskurð til norðursvæðis og verulega lækkun á hlutdeild þess í heildarframlagi ríkissjóðs til Vatnajökulsþjóðgarðs. Svæðisráð telur óboðlegt að keyra áfram stefnubreytingar varðandi skiptingu fjármuna milli svæðanna án þess að stjórn fjalli um slíkt fyrst. Svæðisráð fer þess á leit við stjórn að málið verði tekið til endurskoðunar. Jafnframt að þjóðgarðsverðir bíði með vinnu við útfærslu rekstraráætlunar fyrir norðursvæði þar til umræða hefur farið fram í stjórn og tækifæri gefist til leiðréttinga.

Fleira ekki rætt og fundið slitið 12:25.